



## Minnisblað – Dalsás 2, staðsetning á sorpgeymslum

Heimilisfang: Dalsás 2, Hafnarfirði.  
Eigandi: Páll Breiðfjörð Eyjólfsson.  
Unnið af: Guðrúnu Ólafsdóttur, deildarstjóra.  
Unnið fyrir: Bjarna Kjartansson.  
Afrít sent: Þormóði Sveinssyni, arkitekt hjá byggingarfulltrúanum í Hafnarfirði.  
Bjarka Jóhannessyni, byggingarfulltrúa í Hafnarfirði.  
Dags.: 8. desember 2014.

### Greinargerð

Málið varðar staðsetningu sorpgeymslu að Dalsási 2 og hefur verið skoðað ítarlega hjá forvarnasviði SHS. Ferill málsins hér innanhúss er sá að upphaflega sendi hönnuður hússins teikningar til yfirferðar hjá Árna Ísberg. Þann 29. maí sendi Árni tölvupóst til Teiknistofunnar þar sem hann sagði m.a.:

Nú er ekki uppgið á teikningunni hvað sorpgeymslan fyrir utan húshluta 2 stendur langt frá húsvegg með gluggum né hvort tunnurnar séu úr plasti ef svo er þarf að skoða hvort hún uppfylli kröfur í leiðbeiningarblaði Mannvirkjastofnunar "Reglur um notkun sorpílata úr plasti". Þetta leiðbeiningarblað er að finna hér og er númer 84:

<http://www.mannvirkjastofnun.is/utgefid-efni/leidbeiningar--og-eydublod/byggingarmal/>

Skv. ofangreindum leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar skal lárétt fjarlægð frá sorpgeymslu í glugga aldrei vera minni en 3 m en 5 m sé mælt lóðrétt. Séu sorpílátin 3 eða fleiri skal miða við ofangreindar fjarlægðir að viðbættum 2 m, sem á við í þessu tilviki, og skal því fjarlægðin vera 5 m.

Aðaluppdrættir voru síðan sendir til byggingarfulltrúa en komu ekki til umsagnar forvarnadeildar SHS. Ekki var farið eftir áður gerðum athugasemdum varðandi fjarlægð sorpgeymslu frá húsi. Þann 18.08.2014 fór eftirlitsmaður síðan í lokaúttekt og þá voru sorptunnurnar ekki komnar og gerði hann því ekki athugasemdir.

Þann 2. desember sl. skoðaði eftirlitsmaður aðstæður aftur og gerði þá meðfylgjandi skýrslu. Myndir sýna vel að fjarlægð sorpgeymslu frá gluggum hússins er engan veginn viðunandi og alls ekki í samræmi við fyrirmæli Mannvirkjastofnunar þar að lútandi enda um að ræða augljósa sambrunahættu.

Skýrsla fylgir hér með ásamt leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar nr. 84.BR2 – Reglur um notkun sorpílata úr plasti.

Guðrún Ólafsdóttir, deildarstjóri